

Nd.

358. Frumvarp til laga

[157. mál]

um Félagsstofnun stúdenta við Háskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967—68.)

1. gr.

Við Háskóla Íslands skal starfa Félagsstofnun stúdenta. Menntamálaráðuneyti, Háskóli Íslands og allir skrásettir stúdentar innan hans eiga aðild að stofnuninni, svo sem nánar segir í lögum þessum.

Stofnunin er sjálfseignarstofnun með sjálfstæðri fjárhagsábyrgð. Eignir og skuldbindingar stúdentagarðanna og annarra fyrirtækja í þágu stúdenta, sem rekin eru innan skólans nú, skulu að fengnu samþykki háskólaráðs og stúdentaráðs hverfa undir hina nýju stofnun frá þeim tíma og með þeim hætti, sem nánar er kveðið á um í reglugerð samkvæmt 6. gr. laga þessara.

2. gr.

Stofnunin skal annast rekstur og bera ábyrgð á fyrirtækjum í þágu stúdenta og beita sér fyrir eflingu þeirra samkvæmt því, sem nánar er kveðið á um í reglugerð.

3. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð fimm mönnum, tilnefndum af menntamálaráðuneyti, háskólaráði og stúdentaráði til tveggja ára í senn, samkvæmt því, sem nánar segir í reglugerð. Varamenn skal tilnefna með sama hætti til jafnlangs tíma.

4. gr.

Stjórn stofnunarinnar aflar fjár til framkvæmda þeirra, er undir stofnunina heyra, í samvinnu við rektor og háskólaráð. Auk tekna af fyrirtækjum þeim, er Félagsstofnun stúdenta ræður yfir eftir lögum þessum og reglugerð, skal fjár til byggingarframkvæmda, rekstrar fyrirtækja og eflingar þeirra aflað sem hér segir:

1. Árleg skrásetningargjöld stúdenta við Háskóla Íslands skulu renna að hluta til stofnunarinnar, eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð fyrir Háskóla Íslands.
2. Með framlagi úr rikissjóði, eftir því sem Alþingi ákveður hverju sinni.
3. Gjöfum, sem Félagsstofnun stúdenta kunna að berast.
4. Öðrum úrræðum, er stjórn stofnunarinnar telur tiltækileg.

5. gr.

Félagsstofnun stúdenta skal undanþegin tekju- og eignarskatti, aðstöðugjaldi og útsvari.

6. gr.

Menntamálaráðuneytið setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, að fengnum tillögum stúdentaráðs og háskólaráðs. Um breytingar á reglugerð skal hafa samráð við stúdentaráð, háskólaráð og stjórn stofnunarinnar.

7. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda þegar í stað, og skal stofnunin taka til starfa frá þeim tíma, er í reglugerð segir.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er borið fram að ósk stúdentaráðs Háskóla Íslands og háskólaráðs. Ríkir samstaða þessara aðila um efni þess. Frumvarpið hefur sætt athugun nefndar, er menntamálaráðuneytið skipaði og í áttu sæti fulltrúar þess, fjármálaráðuneytisins, háskólaráðs og stúdentaráðs. Lagði nefndin einróma til, að frumvarpið yrði flutt í þeirri mynd, er hér liggur fyrir og er í meginatriðum óbreytt frá tillögum stúdentaráðs og háskólaráðs, sem sendar voru menntamálaráðuneytinu á s. l. hausti. Frumvarpinu fylgdi frá nefndinni svofelld greinargerð:

Aðdragandi máls þessa er sá, að stúdentaráð lagði á sínum tíma fram tillögur um breytingu á stjórn stúdentagarðanna, er miðaði að því, að stúdentar fengju meiri áhrif á stjórn þeirra. Mál sitt rökstuddi stúdentaráð m. a. með því, að leggja fram gögn, er aflað hafði verið frá flestum háskólum Norðurlanda. Í umræðum um málið kom fram sú hugmynd, að lausn yrði fundin á annan veg og ýtarleg endurskoðun færi fram á þessu sviði. Hingað til lands var boðið frá Noregi Kristian Ottosen, forstjóra Studentsamskipnaden í Osló, og Tønnes Andenæs, forstjóra Universitetsforlaget í Osló. Kynntu þeir starfsemi þessara fyrirtækja á ráðstefnu, sem stúdentaráð efndi til.

Í umræðum innan háskólans mótuðust síðan þær hugmyndir, sem hér liggja fyrir í lagafrumvarpi. Þær stefna að því, að við Háskóla Íslands risi stofnun, Félagsstofnun stúdenta, er gegni eftirfarandi hlutverki:

1. Standi fyrir og sjái um byggingu allra fyrirtækja í þágu stúdenta, s. s. stúdentagarða, mótuneyta og húsnæðis til félagslegra iðkana.
2. Annist rekstur þessara fyrirtækja og sjái um aðra þjónustu fyrir stúdentu, s. s. heilsugæzlu, ferðaþjónustu, bóksölu, bókaútgáfu og e. t. v. aðstöðu til íþróttaiðkana.
3. Afli fjár til að sinna þessum verkefnum.
4. Verði sjálfstæður, ábyrgur eignaraðili allra þessara fyrirtækja.

Öllum, sem til þekkja, er ljós nauðsyn þess, að slíkur aðili sem hér um ræðir sé til. Má í því sambandi benda á eitt atriði sem dæmi: Á vegum menntamálaráðuneytisins starfar nú nefnd, sem á að leggja fram áætlun um framtíðarþarfir Háskóla Íslands, þ. á m. stúdenta. Sú spurning hlýtur að vakna, hvert hún eigi að beina áætlunum sínum varðandi málefni stúdenta og hver eigi að framkvæma þær. Enginn einn aðili hefur bolmagn til þess nú, né telur sér það skylt. Verði Félagsstofnun stúdenta sett á laggirnar, mun slíkum áætlunum beint til hennar til framkvæmdar.

Kennsla, kennsluaðstaða og kennslubækur eru aðeins önnur hlið náms. Engu minna skiptir fyrir námsmanninn, að hann hafi aðstöðu til þess að stunda nám sitt án daglegrar áhyggju um afkomu sína. Stúdentagarðarnir voru á sínum tíma reistir vegna brýnna þarfa, þegar stúdentar við Háskóla Íslands voru um 300, en tala þeirra hefur nú meira en þrefaldast. Nauðsyn nýrra garða, t. d. hjónagarðs, er löngu öllum ljós. Framkvæmdir hafa hins vegar ekki hafizt enn. Það stafar ef til vill einmitt af því, að ekki hefur tekizt að sambæfa krafta þeirra, sem hagsmuna hafa að gæta. Hér er Félagsstofnun stúdenta ætlað að koma til.

Verður nú gerð grein fyrir einstökum greinum frumvarpsins:

Um 1. gr.

Hér er rætt um aðila stofnunarinnar. Menntamálaráðuneytið, háskólaráð og stúdentaráð, sem fulltrúi skrásettra stúdenta, eru þeir aðilar, sem mestra hags-

muna hafa að gæta. Þessir aðilar hafa, að vísu í misjafnlega ríkjum mæli, fjallað um þau mál, sem undir stofnunina eiga að heyra. Til stofnunarinnar geta þessir þrír aðilar beint tillögum sínum um þau mál, er undir hana falla, og verður hún ábyrg fyrir framkvæmd þeirra.

Stofnunin verður sjálfseignarstofnun og tekur við rekstri þeirra fyrirtækja, sem nú eru rekin í þágu stúdenta, og stofnar til nýrra. Fyrirtæki, sem rekin eru nú í þágu stúdenta, eru þessi:

1. Stúdentagarðarnir.

Síðan árið 1948 hafa stúdentagarðarnir verið reknir samkvæmt skipulagsskrá, sem menntamálaráðuneytið staðfesti 20. febrúar 1948, en hún hafði þá verið samþykkt bæði í háskólaráði og stúdentaráði.

2. Bóksala stúdenta.

Bóksalan er rekin sameiginlega af háskólaráði og stúdentaráði. Fyrir u. þ. b. tveimur árum fór fram gagnger breyting á rekstri hennar, en hún lýtur stjórn, kjörinni af háskólaráði og stúdentaráði.

3. Kaffistofa stúdenta.

Stúdentaráð rekur kaffisölu í kjallara Háskólans.

4. Ferðaskrifstofa stúdenta.

Stúdentaráð rekur ferðaþjónustu. Reksturinn hefur gengið misjafnlega, einkum hin síðari ár. Grundvöllur rekstrarins er nokkuð traustur, einkum vegna vel skipulagðrar ferðastarfsemi stúdenta erlendis, en erfiðlega hefur gengið að fá starfsmenn, er hafa sérþekkingu á þessu sviði. Hefur verið rætt um gagngerar breytingar á rekstri ferðaþjónustunnar.

5. Hótel Garður.

Garðstjórn hefur í átta ár leigt stúdentaráði garðana til rekstrar sumarhótel. Sá rekstur hefur óbein áhrif á hag stúdenta, þar eð leigunni hefur verið varið til viðhalds á görðunum. Sérstök hótelstjórn hefur annast hótelreksturinn.

Til þess að stofnunin taki við rekstri framangreindra stofnana er nauðsynlegt að afla samþykkis stúdentaráðs og háskólaráðs. Er það eðlilegt og í samræmi við skipulagsskrár og reglugerðir fyrirtækjanna.

Um 2. gr.

Hér vísast til athugasemdar við 1. gr., eftir því sem við á. Gert er ráð fyrir, að félagsstofnunin annast rekstur og eflingu þeirra fyrirtækja, sem þar er dregið á. 2. gr. fjallar almennt um verkefni stofnunarinnar. Henni ber að leggja drög að byggingu nýrra stúdentagarða og afla fjár til þeirra framkvæmda. Stofnunin mun taka við þeim fjárframlögum, sem komið hafa úr ríkissjóði til félagsheimilis stúdenta, afla frekara fjármagns og hefja byggingarframkvæmdir, er hún telur fært. Stofnunin annast rekstur félagsheimilisins, er það hefur verið reist.

Háskólaráð hefur annast umsóknir úr ríkissjóði um fé til stúdentaskipta og almennra félagsiðkana. Eðlilegt er, að félagsstofnunin taki við þessu verkefni af háskólaráði.

Stúdentaráð Háskóla Íslands þiggur árlega fé úr ríkissjóði til rekstrar skrifstofu sinnar og annars. Stúdentaráð er einn aðila félagsstofnunarinnar, og er nauðsyn, að það geti starfað á sjálfstæðum grundvelli og þannig verið stofnuninni til aðhalds, án þess að vera henni háð. Þetta sjónarmið leiðir til þeirrar niðurstöðu, að stúdentaráð haldi áfram að hljóta fé beint úr ríkissjóði, þrátt fyrir tilkomu félagsstofnunarinnar.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir, að stjórn stofnunarinnar verði skipuð 5 mönnum. Að norski fyrirmynd er fyrirhugað, að stjórnin verði þannig skipuð:

3 fulltrúar kosnir af stúdentaráði.

1 fulltrúi kosinn af háskólaráði.

1 fulltrúi tilnefndur af menntamálaráðuneytinu.

Hugmyndin er sem sagt sú, að stúdentar ráði meiri hluta stjórnarinnar. Háskólaráð og stúdentaráð voru á sama máli um þessa tilhögun við undirbúning frumvarpsins. Einnig ríkti gagnkvæmur skilningur um það, að einn fulltrúi stúdenta skyldi hafa lokið háskólanámi.

Ýmis rök hniga að því, að stúdentum sé veittur meiri hluti í stjórn stofnunar sem þessarar. Stúdentar hafa mestra hagsmuna að gæta um, að stofnunin starfi sem best, og eru kunnugastir þeim þörfum, sem henni er ætlað að fullnægja. Einnig ber að vekja athygli á þeim breytingum, sem orðið hafa á hugmyndum háskólamanna, bæði hér á landi og erlendis síðustu áratugi, um það, hversu mikil aðild stúdenta eigi að vera í stjórn háskóla, og þá einkum þeirra mála, er fyrst og fremst varða stúdenta sjálfa og hagsmuni þeirra. Í öllum nágrannalöndunum hefur stúdentum verið sýnt æ meira traust og þeim verið fengin í hendur aukin ábyrgð. Dæmi um þessa þróun hér á landi er seta fulltrúa stúdenta í háskólaráði, og hefur ekki orðið annars vart en að forráðamönnum háskólans hafi þótt hún gefa góða raun. — Gert er þó ráð fyrir, að í reglugerð verði sett ákvæði um, að minni hluti stjórnar geti skotið veigamiklum ágreiningsefnum til úrskurðar menntamálaráðherra.

Stjórninni ber að hafa á höndum yfirstjórn stofnunarinnar. Henni er þó heimilt að ráða sérstjórnir til að stjórna einstökum fyrirtækjum eða sinna einstökum verkefnum.

Gert er ráð fyrir, að starfstími stjórnar verði tvö ár, og er þá höfð í huga aðstaða stúdenta til setu í stjórninni.

Um 4. gr.

Stjórn stofnunarinnar aflar fjár til starfsemi hennar og framkvæmda á vegum hennar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að þetta verði gert í samvinnu við háskóla- og háskólaráð. Hér er fyrst og fremst átt við, að fjár verði aflað með vitund fyrrgreindra aðila, þannig að ekki rekist á hagsmunir við fjáröflun.

Gert er ráð fyrir, að stofnunin njóti góðs af tekjum þeim, er fyrirtæki hennar afla. En auk þess skulu tekjur hennar verða þessar:

1. Hluti árlegra skrásetningargjalda stúdenta við Háskóla Íslands. Í 2. grein reglugerðar Háskóla Íslands er gert ráð fyrir skrásetningu nýstúdenta, en ekki annarra, nema þeir hafi fallið af skrá skólans. Í þessum tölulíð frumvarpsgreinarinnar er þó gert ráð fyrir, að verði tekin upp árleg skrásetning allra stúdenta við Háskóla Íslands, eins og fyrirhugað mun vera, aukist þessi tekjustofn félagsstofnunarinnar í samræmi við það.

2. Gert er ráð fyrir því, að ríkissjóður leggi fram fé til stofnunarinnar. Í fjárlögum undanfarin ár hefur verið veitt fé til stúdentaskipta, almennra félagsstarfa og félagsheimilis stúdenta. Auk þess hefur ríkissjóður lagt fram fé til mótuneytis stúdenta og endurbóta á góðunum. Gera verður ráð fyrir, að framlög ríkissjóðs til félagsmálefna stúdenta fari hækkandi á næstu árum. Í Noregi tíðkast t. d., að ríkið leggi fram fé í hlutfalli við framlag stúdenta. Greiði hver stúdent 500 krónur, þá greiðir ríkissjóður 1500 krónur á móti honum.

3. Gjafir til Félagsstofnunar stúdenta. Eðlilegt verður að telja, að gjafir einstaklinga og fyrirtækja til stofnunarinnar verði undanþegnar sköttum samkv. heimild í 12. gr. D. laga nr. 90/1965.

4. Önnur úrræði, er stjórn stofnunarinnar telur tiltækileg. Hér er átt við það, að stjórn stofnunarinnar grípi til annarra fjáröflunarleiða en að framan eru

taldar. Má í því sambandi nefna, að stjórnin kynni að leita til sveitarfélaga um stuðning við að reisa stúdentagarða, eins og gert var, er núverandi stúdentagarðar voru reistir. Einnig mundu stjórninni vera heimilar lántökur í lánastofnunum.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Í reglugerð yrði kveðið á um ýmis þau atriði, sem drepið er á í greinargerð þessari, og annað, er varðar nánari framkvæmd laganna. Eðlilegt er, að frumvarp að reglugerð komi frá háskólaráði og stúdentaráði, en hljóti síðan meðferð menntamálaráðuneytisins og staðfestingu ráðherra.

Um 7. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Bréf háskólarektors til menntamálaráðherra um frumvarp til laga um Félagsstofnun stúdenta við Háskóla Íslands.

Reykjavík, 5. október 1967.

Hjálagt leyfi ég mér að senda yður, hæstvirti ráðherra, ofangreint frumvarp með ósk stúdentaráðs og háskólaráðs um, að þér beitið yður fyrir því, að það verði flutt á næsta Alþingi. Þá er enn fremur sent frumvarp til reglugerðar um félagsstofnunina, þar sem nánari ákvæði eru um skipulag og starfshætti hennar. Skál þegar á það bent, að frumv. til reglugerðar ber að skoða sem frumdrög, þar sem þó eru greindar ýmsar hugmyndir, svo sem um skipun stjórnar, sem líta ber á sem undirstöðuatriði þess skipulags, sem hér er stefnt að.

Í rækilegri greinargerð, sem samin er af hálfu stúdentaráðs, er lýst aðdraganda þessa máls, grundvallarhugmyndum og fyrirmyndum að hinum nýju stjórnarháttum, svo og meðferð málsins innan Háskólans. Þarf því ekki langrar greinargerðar við af hálfu háskólaráðs. Meginhugmyndin, sem býr að baki frv., er að leggja drög að allsherjarstofnun, sem beiti sér fyrir átaki til eflingar fyrirtækja í þágu stúdenta og sé ábyrg fyrir byggingarframkvæmdum og rekstri fyrirtækja. Fram til þessa hafa fyrirtæki þessi verið dreifð og flest lotið sérstjórnnum. Hefur nokkur óvissa ríkt um það, hvaða aðili ætti að beita sér fyrir framgangi þessara hagsmunamála stúdenta, sem jafnframt eru mikilvæg mál frá sjónarmiði Háskólans og þjóðfélagsins. Með skipulagi því, sem frv. gerir ráð fyrir, er forysta og ábyrgð í þessum málum lögð í hendur einnar stofnunar, og er það tvímælalaust til bóta.

Annað meginatriði frv. er að mæla fyrir um tekjustofna, og er athyglisvert, að stúdentar sjálfir munu með skrásetningargjöldum leggja nokkuð af mörkum til stofnunarinnar, en þess er þá vænt, að rífleg framlög komi á móti af hálfu ríkisvaldsins, svo sem raun hefur orðið á í Noregi.

Í þessu efni þarf mikið átak til að koma. Enginn stúdentagarður hefur verið reistur síðan 1943, þrátt fyrir fjórföldun á tölu stúdenta, og mótuneyti stúdenta er bæði allt of lítið og óvistlegt. Mjög seint hefur gengið að tryggja fjárveitingar til stúdentahéimilis, sem m. a. var ætlað að rúma vistlegt mótuneyti, og hefur ekki enn þótt gerlegt að hefja framkvæmdir. Ýmsar þjónustustofnanir í þágu stúdenta, sem óhjákvæmilegar þykja erlendis, skortir með öllu, en einsætt er, að hér við Háskólann þarf að koma upp skipulagt hverfi fyrir fyrirtæki í þágu stúdenta. Er ætlandi, að hið nýja skipulag, sem stofnað er til með þessu frv., muni stuðla að greiðari fjárútvægum til fyrirtækja stúdenta. Hér ber einnig að benda á, að til þess

er stofnað, að fulltrúar, sem til eru nefndir af stúdentaráði, skipi meiri hluta stjórnar stofnunarinnar. Um það segir að vísu ekki í 3. gr. frv., en það felst í athugasemdum við þá grein. Þykir hyggilegra að hafa þetta atriði ekki lögbundið og láta það ráðast af reglugerðarákvæði, enda er greiðara að breyta þessu skipulagi, ef það gefst ekki vel, með reglugerðarbreytingu en lagabreytingu. Stúdentarnir eiga mest undir því, að ótullega sé unnið að þessum málum, og m. a. þess vegna er eðlilegt að fela þeim meiri hluta í stjórn stofnunarinnar. Reynslan í Noregi, þar sem þetta skipulag hefur verið þrautreynt, leiðir í ljós, að þessir stjórnhættir hafa gefizt vel þar í landi, og er mikilvægt að geta byggt á þeirri reynslu. Má óhikað vænta þess, að margvíslegt liðsinni fáiist frá félagsstofnun stúdenta í Osló við uppbyggingu þeirrar stofnunar, sem ofangreint frv. ræðir um.

Háskólaráð hefur fjallað um drög til frumvarps þess, sem hér er gert að umræðuefni, á mörgum fundum. Lýsti háskólaráð því á fundi sínum hinn 17. ágúst 1967, að það féllist á meginstefnu þá, sem fram kemur í tillögnum.

Hefur náðst góð samstaða um málið, og er það vissulega þýðingarmikil undirstaða. Samkvæmt þessu leyfi ég mér að mæla eindregið með því við hæstvartan ráðherra, að ofangreint frumvarp verði flutt nú á næsta Alþingi, og er mér og fulltrúum stúdentaráðs að sjálfsögðu mikil ánægja að ræða við ráðherra um einstök atriði frumvarpsins.

Með sérstakri virðingu,
Ármann Snævarr, rektor.

Menntamálaráðherra, dr. Gylfi Þ. Gislason,
Menntamálaráðuneytinu.